

Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Að gefnu tilefni vill embætti ríkisskattstjóra brýna fyrir forsvarsmönnum hlutafélaga að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2005 (eyðublað RSK 2.045). Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2005, innlendra sem erlendra. Skytt er að skila hlutafjármiðum, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2005. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til forskráningar á skattframtöl einstaklinga árið 2006 og verður það í fyrsta sinn sem það er gert.

Tímanleg skil þessara upplýsinga frá hlutafélögum eru því afar mikilvæg og koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skylduskil þeirra á meðfylgjandi skilagrein fjármagnstekjuskatts og á skattframtali 2006.

Upplýsingunum skal skila með rafrænum hætti eigi síðar en 6. febrúar 2006 sbr. auglýsingu um skil á upplýsingum á árinu 2006 vegna framtalsgerðar o.fl., sem birt var í Stjórnartíðindum 6. janúar sl. Sé upplýsingum skilað á pappírformi er skilafresturinn styttri, eða til 26. janúar.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum sem tekið var í notkun á síðasta ári. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lög- aðila og krefst veflykils.

ALLT UM
rafræn skil
á rsk.is/vefskil

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er að finna á slóðinni rsk.is/vefskil
eða hjá upplýsingatæknideild RSK í síma 563 1115.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA